

**Fundargerð 5. fundar  
Hafnarráðs  
haldinn í Ráðhúsinu í Sandgerði,  
26. febrúar 2019 , kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Haraldur Helgason formaður, Jón Ragnar Ástþórsson aðalmaður, Laufey Erlendsdóttir varaformaður, Ari Gylfason aðalmaður, Sæmundur Sæmundsson aðalmaður, Daði Bergþórsson áheyrnarfulltrúi, Magnús Stefánsson, Rúnar Vífill Arnarson, Grétar Sigurbjörnsson, .

**Fundargerð ritaði: Magnús Stefánsson, bæjarstjóri.**

**1. Sandgerðishöfn: suðurbryggja: stálþil - 1806557**

Staða mála.

*Farið yfir framgang framkvæmda við Suðurgarð. Verkið hefur tafist og ekki gengið eins og upp var lagt með. Hafnarráð lýsir vonbrigðum með tafir verksins, sem kemur niður á þjónustu hafnarinnar og starfsemi.*

**2. Sandgerðishöfn - framkvæmdir og starfsemi hafnarinnar - 1812031**

Viðhald Sandgerðishafnar.

*Sundurliðað yfirlit yfir viðhaldsverkefni, með kostnaðaráætlun verður lagt fyrir næsta fund Hafnarráðs.*

**3. Gjaldskrá: Sandgerðishöfn - 1806805**

Gjaldskrá 2019.

*Samþykkt að veita heimild til afsláttar af flotbryggjugjaldi vegna viðlegu smábáta til lengri tíma.*

**4. Starfsmannamál - almennt - 1811032**

*Auglýst hefur verið eftir starfsmanni við höfnina og rennur umsóknarfrestur út mánudaginn 4. mars.*

**5. Sandgerðishöfn - stefnumótun - 1902065**

*Samþykkt að undirbúa vinnu við stefnumótun fyrir Sandgerðishöfn. Samþykkt að fela hafnarstjóra, í samráði við formann Hafnarráðs og bæjarstjóra, að leggja fyrir Hafnarráð tillögu um vinnu við stefnumótun fyrir höfnina.*

Fundi slitið kl. 18:30.

---

---